

Fundargerð Menningarmálanefndar Skaftárhrepps

91. fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps haldinn á Kirkjubæjarstofu 25. feb 2020, klukkan 17:00

Mætt eru á fundinn aðalmennirnir Ólafur E. Júlíusson, Gunnar Erlendsson og Lilja Magnúsdóttir. Þuríður Benediktsdóttir atvinnumálafulltrúi og varamaður í menningarmálanefnd kom til fundarins og ræddi möguleika okkar á styrkjum frá SASS

1. STYRKIR

Uppbyggingarsjóður SASS hefur styrkt ýmis menningarverkefni. Umsóknarfresturinn þar er 3. mars 2020. Rætt um hvaða verkefni við gætum sótt um:

GULLMOLINN

Gullmolinn er vinnutitill umhverfislistaverks sem meðlimir YottaZetta, þær Ólöf Rún Benediktsdóttir og Rán Jónsdóttir, eru að vinna að. Þar er fjallað um sögu vatnsaflsvirkjana á Íslandi og menninguna sem þeim tengist.

Samþykkt að sækja um viðbótarstyrk til að ljúka við listaverkið Gullmolinn. Sótt um til Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.

TÓNA-SERÍAN


Verkefni sem tengja saman erlenda íbúa og íslenska. Verkefnið fær vinnuheimilið „TÓNA-SERÍAN“ Halda tónleika hér og þar um Skaftárhrepp, fá starfsfólk hótellanna/ferðaþjónustunnar til að taka þátt, jafnt útlendinga sem Íslendinga. Einnig markmið að heimamenn, íslenskir sem erlendir, fái tækifæri til að koma fram á þessum viðburðum. Halda marga minni tónleika, ýmist í miðri viku eða um helgar.

Samþykkt að sækja um styrk til verkefnisins til SASS.

ÖNNUR MÁL

Fundi slitið 18:15

Fundarritari: Lilja Magnúsdóttir



The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is 'Ólafur E. Júlíusson'. Below it is 'Gunnar Erlendsson'. At the bottom is 'Lilja Magnúsdóttir'. The signatures are written in a cursive, flowing style.